



Kófið og leikskólinn: „Þetta var mögnuð „tilraun“ til að sjá gæðastarf verða til við skrítnar aðstæður“

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Leikskólastarf getur verið eins ólíkt á milli leikskóla og þeir eru margir, enda stjórnast dagskipulag hvers leikskóla af áherslum og sýn þeirra er þar starfa. Sýn starfsfólks á nám og börn endurspeglar áherslur þeirra í starfi. Nýlegar rannsóknir benda á að það sé mikilvægt að hafa jafnvægi á milli athafna sem stýrt er af starfsfólki og athafna sem börnin stýra. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að taka tillit til þarfa og áhuga hvers barns þegar skipuleggja á leikskólastarfið. Jafnframt þarf að taka mið af réttindum barna og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt.

Markmið rannsóknarinnar sem hér er sagt frá var að skoða áhrif takmarkana á leikskólastarf vegna fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins, á leik barna og hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks. Jafnframt að skoða hvaða lærdóm mætti draga af reynslunni af takmörkununum. Gögnum var safnað með blönduðum aðferðum (e. mixed methods), annars vegar í gegnum einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra, og hins vegar í gegnum spurningalista sem voru sendir út til 248 leikskóla um allt land.

Niðurstöður benda til þess að takmarkanirnar hafi haft töluverð áhrif á leikskólastarf í landinu. Stjórnendur töldu að starfið hefði einkennst af meiri gæðum. Þeir töldu einnig að áhrif takmarkana hefðu skilað sér í aukinni vellíðan barna og fullorðinna. Takmarkanirnar urðu þó til þess að skerða þurfti aðgengi barnanna að leikefni. Þó að stjórnendur nefndu að ný vinatengsl hefðu myndast í barnahópnum þá kom einnig fram að einhver börn söknuðu vana sinna þegar takmörkun var á viðveru barnanna. Einhverjir starfsmenn upplifðu einnig einmanaleika þar sem samgangur á milli þeirra var takmarkaður. Rannsóknin er mikilvægt framlag til leikskólasamfélagsins og eykur skilning á þeim áhrifum sem takmarkanir á skólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 höfðu á leikskólastarf. Niðurstöðurnar benda til þess að mikilvægt sé að rýna í skipulag og starfshætti leikskóla landsins og huga að hvernig hægt sé að tryggja gæðastarf með leikskólabörnum.

Efnisorð: COVID-19, leikskólastarf, leikur, hlutverk leikskólakennara, gæðastarf

Inngangur

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á heiminn og þar á meðal íslenskt samfélag. Leikskólastarf í landinu er þar ekki undanskilið. Í fyrstu bylgju COVID-19, vorið 2020, var sett á samkomubann hér á landi þann 16. mars. Í kjölfarið urðu takmarkanir á skólahaldi í landinu sem meðal annars röskuðu leikskólastarfi töluvert. Samkvæmt minnisblaði frá sóttvarnalækni til heilbrigðisráðherra dagsettu 12. mars 2020 er lagt til að leikskólar skuli vera lokaðir að hluta og að ekki verði fleiri en 15 börn saman á hverjum tíma. Auk þess eigi að tryggja tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga og að hreinlætisaðgerðum verði fylgt (Stjórnarráð Íslands, 2020). Þann 13. mars 2020 var jafnframt birt auglýsing um takmörkun á skólastarfi (nr. 216/2020) og í 3. grein hennar er fjallað um leikskólastarf. Þar er eftirfarandi tekið fram:

Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi leikskólastarfi að þeim skilyrðum uppfylltum að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Takmarkanirnar urðu til þess að starf leikskóla breyttist töluvert. Það var að miklu leyti í höndum hvers sveitarfélags að útfæra með hvaða hætti starfið var skipulagt í takt við takmarkanirnar. Þessir fordæmalausu tímar kölluðu á fordæmalausar ráðstafanir. Viðverudagar barnanna voru skertir í mörgum leikskólum, í öðrum var viðverutími þeirra skertur og töluvert var um að leikskólarnir störfuðu með skertan mannafla.

Áhugi okkar á viðfangsefninu kviknaði eftir samtal við nemendur í leikskólakennaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, þar sem þeir lýstu upplifunum sínum af breytingum sem urðu á starfinu í leikskólanum. Þeir lýstu hvernig þeirra eigið hlutverk breyttist og hvernig leikur barnanna og líðan breyttist sömuleiðis. Upplifanir þeirra sýndu fram á mikilvægi þess að skoða þessar sérstöku aðstæður enn betur.

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða áhrif takmarkana á leikskólastarf vegna COVID-19 faraldursins, á leik barna og hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks. Jafnframt að skoða hvaða lærdóm megi draga af reynslunni af takmörkununum. Gögnum var safnað með spurningakönnun sem send var til leikskóla landsins og einnig með viðtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra. Spurt var hvaða áhrif samkomubannið hafði á leik barna og hlutverk þeirra sem starfa með börnunum.

Rannsóknarspurningarnar sem leiddu rannsóknina voru eftirfarandi:

- Hvaða áhrif höfðu takmarkanir í leikskólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 á leik barna?
- Hvaða áhrif höfðu takmarkanir í leikskólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 á hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks?
- Hvaða lærdóm má draga af reynslunni af takmörkunum í leikskólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 og áhrifum þeirra á leikskólastarf?

Fræðilegur bakgrunnur

Í rannsókninni er stuðst við hugmyndir samþættra námskráa og kennslufræði leikskóla þar sem áhersla er á sveigjanlegt skipulag og áhugasvið barnanna (Wood, 2013). Fjallað er um gæði í leikskólastarfi, leikinn sem námsleið ungra barna og hlutverk leikskólakennara.

Gæði í leikskólastarfi

Í sameiginlegum hluta fyrir aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla segir að „[g]æði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 8). Rannsóknir sýna að gæðastarf í leikskólum hefur jákvæð áhrif á vellíðan og alhliða þroska barna. Gæði hafa einnig áhrif á samskiptafærni barnanna og tungumálafærni auk þess sem gæðastarf hefur greinileg jákvæð áhrif á nám seinna meir (Campbell o.fl., 2012; Sylva o.fl., 2004; Vandell og Wolfe, 2000).

Fjöl margar rannsóknir hafa verið gerðar á gæðum í leikskólastarfi (sjá t.d. Sheridan og Pramling-Samuelsson, 2013) og hafa Barnett og Frede (2010) dregið saman þá þætti sem niðurstöður rannsókna sýna að hafi áhrif á gæðin. Þar stendur menntun og hæfni starfsfólks upp úr sem stærsti áhrifaþátturinn, en fjöl margar rannsóknir sýna fram á mikilvægi menntunar starfsfólks. Menntun er talin vera sérstaklega áhrifarík hvað varðar samskipti starfsfólks og barna (Barnett og Frede, 2010; Ishimine, 2011; Krieg, Curtis, Hall og Westenberg, 2015; Mims, Scott-Little, Lower, Cassidy og Hesteneso, 2008). Eins og Ólafur Proppé (1992) bendir á er eitt af markmiðum kennaramenntunar að mennta fagmenn. Ragnhildur Bjarnadóttir (2015) bendir jafnframt á að markmið menntunarinnar

sé að tengja saman starfshæfni og fagmennsku. Samkvæmt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) á fagmennska kennara að snúast um nemendur þar sem markviss samskipti eru höfð í fyrirrúmi til að stuðla að námi og efla hæfni barna. Tekið er fram að það er ekki eingöngu hlutverk eða skylda kennara að miðla þekkingu til barna heldur verður að gefa börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og færni á eigin spýtur, kennarar eiga að örva starfsgleði barna og skapandi hugsun. Til að skilgreina sig sem fagstétt þá þarf sérstæða eða sértæka menntun og þekkingu sem hver sem er getur ekki gengið inn í og útfært (Hennum og Østrem, 2016). Samkvæmt Sigurði Kristinssyni (2013) er kunnátta, færni og alúð eitt af því sem einkennir fagmennsku. Vert er að taka fram að menntun leikskólustjórnenda hefur ekki síður áhrif á gæði starfsins því stuðningur og fagleg leiðsögn þeirra hefur áhrif á starfið í heild (Mims o.fl., 2008).

Rannsóknnum ber einnig saman um að leik- og námsumhverfi barnanna sé þáttur sem hefur áhrif á gæði í starfinu. Börnum skal tryggt fjölbreytt leik- og námsumhverfi þar sem áhugasvið og frumkvæði hvers og eins fær að njóta sín (Barnett og Frede, 2010; Diamond, Barnett, Thomas og Munro, 2007; Krieg o.fl., 2015). Uppeldisfræðileg skráning er aðferð sem hefur verið þróuð í Reggio Emilia á Ítalíu til að skrá og meta starf og nám barna og kennara. Aðferðin hefur reynst vel þegar unnið er með áhuga barna. Í slíkri skráningu nýtir kennari gögnin til gagnaöflunar um barnið og áhugasvið þess. Hægt er að líta á skráninguna sem verkfæri fyrir kennara til að gera eigið starf og nám og vinnu barnsins sýnilega. Skráninguna sem kennarar gera er hægt að nýta sem leið að áframhaldandi starfi með barninu eða barnahópnum (Rinaldi, 2006).


Í þriðja lagi draga Barnett og Frede (2010) fram að stærð barnahópsins hafi áhrif á gæði leikskólustarfsins. Niðurstöður rannsókna sýna að of mörg börn í of litlu rými eykur líkur á árekstrum á milli barna. Þegar barnahóparnir eru of stórir, dregur það úr tækifærum til að sinna ýmsum námsþáttum og tækifærum starfsfólks til að sinna hverju og einu barni. Færri börn í hóp minnkar álag á börnin sjálf og um leið á starfsfólkið. Minni hópar auðvelda börnum að kynnast og eiga í uppbyggilegum samskiptum (Barnett og Frede, 2010; Williams, Sheridan og Pramling-Samuelsson, 2018).

Barnett og Frede (2010) benda einnig á mikilvæga þætti sem tengjast heilsu og vellíðan barna og stuðla að gæðum í leikskólustarfi. Hér á landi hafa verið gerðar rannsóknir sem snúa að vellíðan leikskólabarna. Niðurstöður þeirra sýna fram á mikilvægi þess að börnin séu þátttakendur í eigin námi. Einnig kemur fram að börnum líður best þegar þau hafa frelsi til að velja sjálf hvað þau gera og þegar tekið er tillit til þeirra sjónarmiða við val á efni við og viðfangsefnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016).

Síðasti þátturinn sem Barnett og Frede (2010) draga fram sem mikilvægan þátt fyrir gæðastarf í leikskólum er mat á starfinu. Melhuish (2001) bendir þó á að matstæki sem notuð eru í sambandi við gæði leikskólustarfs geti verið nokkuð ólík. Viðmiðin geta verið þau ólík að sami leikskóli komi út með mikil gæði í einu matstæki en lítil gæði í öðru. Til dæmis nær ECERS-kvarðinn (Harms og Clifford, 1980; Harms, Clifford og Cryer, 2005), sem er víða notaður í íslenskum leikskólum, til skipulags starfsins, námsumhverfis og starfshátta en ekki til náms og þroska barnanna. Annað dæmi er Eurydice-skýrslan (European Commission/EACEA/Eurydice, 2019) þar sem tekin eru saman gögn um nám og umönnun ungra barna í Evrópu og miðað er við fjóra gæðastuðla; hvort allt leikskólustarf fari fram á sama stað en sé ekki skipt upp í til dæmis daggæslu og forskóla, hvort ein stofnun beri ábyrgð á stefnumótun gagnvart öllu leikskólustiginu, hvort gerðar séu kröfur um ákveðna menntun starfsfólks og hvort námskrá sé í gildi fyrir allt leikskólustigið. Niðurstöður skýrslunnar sýna að leikskólustarf á Íslandi er gæðastarf því Ísland er eitt þeirra landa sem uppfyllir öll viðmiðin um gæði sem sett eru fram. Þá er athyglisvert að þar kemur fram að íslensk börn eyða að jafnaði meiri tíma í leikskólanum en börn í öðrum löndum sem horft var til. Þá er vert að taka fram að niðurstöður skýrslunnar snúa ekki að innra starfi leikskóla eins og þættirnir sem Barnett og Frede (2010) hafa dregið fram, t.d. leik- og námsumhverfi, tækifærum barna til leiks, hópastærð eða vellíðan barna. Þá er hlutfall menntaðs starfsfólks ekki skoðað í skýrslunni, aðeins að gerðar séu kröfur um menntun þess.

Skipulag og áherslur í leikskólastarfi

Skipulag leikskólastarfs getur verið nokkuð ólíkt á milli leikskóla þó svo að öllum leikskólum beri að starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Skiptar skoðanir eru á hvað beri að leggja áherslu á í skipulaginu, og eins og Wood (2013) bendir á telja sumir að dagskipulag í starfinu geti orðið stjórnþæki leikskólakennara þar sem þeirra vald tekur yfir réttindi barna. Mikilvægt sé að taka tillit til ólíkra þarfa og áhugasviðs barna þegar leikskólastarf er skipulagt og bjóða upp á töliverðan sveigjanleika. Skiptar skoðanir eru þó á hvar megináherslan eigi að liggja og hefur meðal annars verið bent á að með því að skilgreina leik sem ánægjulegan og sjálfsprottinn, sé dregið úr mikilvægi hans sem námsleiðar (Bodrova og Leong, 2007; Wood, 2013). Aðrir benda á að þegar of mikil áhersla er á leikinn sem námsleið, sé dregið úr ánægjuáhrifum sem honum fylgja (t.d. Lillemyr, 2009, 2013). Þrátt fyrir þessa togstreitu virðist vera samkomulag um að gæta þurfi jafnvægis þarna á milli. Til dæmis hefur Wood (2013) sett fram líkan (sjá Mynd 1) sem sýnir hvernig megi gæta jafnvægis milli verkefna sem stýrt er af leikskólakennurum og leiks sem er sjálfsprottinn hjá börnum. Hún telur að þannig sé báðum sjónarmiðum mætt, ánægjan sem leikurinn veitir börnum fær að njóta sín og leikskólakennarar geta komið námsmarkmiðum inn í námsumhverfið án þess þó að stýra leiknum. Í líkaninu er hlutverki fullorðinna gerð skil þar sem kemur fram að þeir skipuleggi leik- og námsumhverfið, skipuleggi viðfangsefni og eigið hlutverk, geri athuganir og ígrundi og meti starfið. Í líkaninu er einnig lögð áhersla á að með sveigjanleika í skipulaginu fái áhugi barnanna að ráða ferðinni, þau hafi nægan tíma og rými til að þróa leik sinn og dýpka sig í því sem þau eru að fást við.



Mynd 1. Líkan fyrir samþættingu námskráa og kennslufræði leikskóla.

Eftir því sem börn eldast og þroskast þurfa þau lengri tíma til að þróa leik sinn því þeir verða flóknari. Þá reynist vel að tryggja samfellu í náminu, frá einum degi til annars, þannig að börnin hafi tækifæri til að halda áfram með verkefni sín og leiki (Wood, 2013).

Nám í gegnum leik

Samkvæmt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) á að leggja áherslu á nám í gegnum leik í leikskólastarfi enda sýnir fjöldi rannsókna fram á að börn á leikskólaaldri læra best í gegnum leik (Dockett, Lillemyr og Perry, 2013; Lillemyr, 2013). Jafnframt hefur verið sýnt fram á að nám í gegnum leik hefur jákvæð áhrif á formlegra nám seinna meir á lífsleiðinni (Sammons o.fl., 2004; Sylva o.fl., 2004; Taylor og Boyer, 2020). Leikur og nám voru lengi aðskilin hugtök en á síðustu árum hafa fræðimenn fjallað um að leikur og nám eru nátengd fyrirbæri og útskýrt hvernig þau fléttast saman í menntun ungra barna, þannig að börn læri í gegnum leikinn (Pramling-Samuelsson og Pramling, 2013).

Mikilvægt er að leikurinn sé sjálfsprottinn hjá börnunum og byggi á áhugahvöt þeirra. Í gegnum leikinn prófa þau sig áfram í samskiptum og mæta sig við hlutverk sem þau upplifa í raunveruleikanum. Vygotsky (1978) sagði að barn væri höfðinu hærra í leik, vegna þess að þar gæti það gert meira en í raunveruleikanum. Hann benti á að í leiknum væri barnið óhrætt við að prófa sig áfram og gera mistök vegna þess að leikurinn væri óháður utanaðkomandi reglum og þátttakendur réðu ferðinni. Ýmsir fræðimenn hafa byggt á hugmyndum Vygotskys og þróað þær enn lengra (sjá t.d. Bruce, 2004; Smidt, 2007; Wood, 2013). Þar er áhersla á að nám fari fram í félagslegu samhengi þar sem stuðningur frá hæfari aðila gegnir lykilhlutverki. Þá spilar hlutverk kennara stóran sess í námi ungra barna og mikilvægt að kennarar átti sig á hversu mikil áhrif þeir geta haft á hvern einstakling, meðal annars með því að veita þeim tækifæri, tíma og rými til leiks. Fagmennska og hlutverk leikskólakennara felur meðal annars þetta í sér.

Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á mat stjórnenda á hvaða áhrif takmarkanir á skólastarfi í fyrstu bylgju COVID-19 höfðu á leik barna í leikskólum og á hlutverk starfsfólks. Jafnframt að skoða hvaða lærdóm mætti draga af reynslunni af takmörkununum. Gögnum var safnað með blönduðum aðferðum (e. mixed methods), með könnunarraðsniði (e. exploratory sequential design) þar sem eigindlegum gögnum var fyrst safnað og þeim fylgt eftir með viðbótargagnaöflun í megindlegri spurningakönnun (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2013). Gögnum var annars vegar safnað í gegnum einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra. Viðtölin voru tekin í gegnum fjarfundarbúnaðinn Zoom í apríl 2020, á meðan fyrsta bylgja COVID-19 stóð yfir. Vísbendingar úr frumníðurstöðum urðu til þess að send var út spurningakönnun til þess að fá meiri breidd í svörum. Gögnum var því hins vegar safnað með spurningakönnun var því send út 15. júní 2020, eftir að fyrstu bylgju lauk. Úrvinnsla gagna úr spurningakönnuninni fór fram í SPSS (útgáfa 26).

Gagnaöflun og þátttakendur

Þátttakendur í viðtölum voru fjórir leikskólastjórar og fjórir deildarstjórar. Alls voru því tekin 8 einstaklingsviðtöl sem stóðu yfir í 15 til 65 mínútur. Þátttakendur voru valdir eftir hentugleika út frá aðgengi rannsækenda að þeim, þ.e. rannsakendur þekktu lítillga til þátttakenda og bakgrunnur þeirra. Þátttakendur komu frá sex ólíkum sveitarfélögum og enginn þeirra starfaði í sama leikskóla. Óskað var eftir þátttöku með því að senda út tölvupósta þar sem markmið rannsóknarinnar var útskýrt. Allir sem fengu tölvupósta samþykktu þátttöku, þannig að ekki þurfti að leita til annarra aðila sem féllu undir viðmiðin. Viðtölin voru hálfopin. Þátttakendur voru beðnir um að lýsa hvaða áhrif takmarkanirnar hefðu haft á starfið í þeirra leikskóla og hvað hefði helst breyst frá hefðbundnu leikskólastarfi. Sérstaklega var spurt um áhrifin á leik barnanna og hlutverk starfsfólks. Þá var spurt hvaða lærdóm þátttakendur teldu að draga mætti af reynslunni af fyrstu bylgju COVID-19 í tengslum við leikskólastarf og hvort þeir teldu að sú reynsla hefði langtímaáhrif.

Spurningakönnunin var send út á netföng 248 leikskóla um land allt, og leikskólastjórar beðnir að svara henni. Ekki var áætlaður ákveðinn svartími. Forritið Qualtrics var notað til þess að senda

út könnunina. Alls bárust svör frá 172 stjórnendum leikskóla fyrir hönd leikskólanna eða 69% þeirra sem fengu könnun senda svöruðu henni. Þátttakendur í spurningakönnuninni voru beðnir að tilgreina hvaða stöðu þeir gegndu við leikskólann. Alls gegndu 134 stöðu leikskólastjóra, 33 aðstoðarleikskólastjóra, sex störfuðu sem deildarstjóri, verkefnastjóri eða kennsluráðgjafi og einn svaraði sem staðgengill leikskólastjóra. Í könnuninni voru bæði lokaðar og opnar spurningar sem byggðu á frumniðurstöðum úr viðtölunum. Spurt var um hvernig takmarkanirnar voru útfærðar og hvaða áhrif þær hefðu haft á skipulag starfsins. Einnig var spurt út í áhrif þeirra á leik barna og hlutverk starfsfólks. Þá var spurt hvort þátttakendur teldu að COVID-19 myndi breyta einhverju fyrir leikskólastarf til lengri tíma litið og hvort það mætti draga einhvern lærdóm um leikskólastarf af reynslunni.

Úrvinnsla gagna

Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Við úrvinnslu gagna úr viðtölum og spurningakönnun var byrjað á að kóða gögnin út frá rannsóknarspurningum (Braun og Clarke, 2013). Áherslan var því lögð á að skoða hvaða áhrif takmarkanirnar höfðu á leik barna, hlutverk starfsfólks og hvort draga mætti einhvern lærdóm af þessari reynslu. Í þessari rannsókn voru gögnin skoðuð út frá fræðum um gæði í leikskólastarfi, skipulag leikskólastarfs, leikinn sem námsleið og hlutverk leikskólakennara (Barnett og Frede, 2010; Dockett o.fl., 2013; Wood, 2013). Sömu þemu birtust í gögnunum varðandi áhrif takmarkana á leik barna og á hlutverk starfsfólks, þ.e. auknar gæðastundir í leik og starfi, aukin vellíðan í daglegu starfi, áhrif takmörkunar leikefnis, söknunur og einmanaleiki. Niðurstöður verða settar fram út frá þessum þemum.

Niðurstöður

Í þessari rannsókn var markmiðið að varpa ljósi á sýn stjórnenda í leikskólum á áhrif takmarkana á skólahald vegna fyrstu bylgju COVID-19. Sjónum er beint að áhrifum á leik barna og hlutverk starfsfólks, og jafnframt hvort stjórnendur telja að draga megi einhvern lærdóm af reynslunni af takmörkunum. Niðurstöðurnar verða kynntar út frá þeim þemum sem birtust í gögnunum en fyrst verður gerð grein fyrir niðurstöðum varðandi aðstæður í leikskólunum meðan á takmörkunum stóð, þar sem það eru mikilvægar bakgrunnsupplýsingar. Í lokin verða niðurstöðurnar dregnar saman og rýnt í þann lærdóm sem stjórnendurnir töldu að draga mætti af þessari reynslu. Í spurningakönnuninni var spurt hvort leikskólinn hefði verið opinn meðan á takmörkunum á skólahaldi stóð vegna fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins. Í svörum stjórnenda kom fram að 87% leikskólanna voru opnir allan tímann meðan á takmörkunum stóð, 12,5% leikskólanna voru lokaðir hluta tímans og aðeins 1 leikskóli var lokaður allan tímann. Spurt var hvort starfsemi leikskólans hefði verið skert á þessu tímabili, með fækkun viðverudaga, styttingu viðverutíma eða þess háttar. 215 stjórnendur svöruðu þeirri spurningu og í svörum þeirra kemur fram að í 104 leikskólum var viðverudögum barnanna fækkað en í 81 leikskóla var viðverutími stytur. Þar af var bæði viðverudögum fækkað og viðverutími stytur í 48 leikskólum. Í 17 leikskólum var starfsemin ekki skert.

Einnig var spurt hvort mæting barnanna hefði versnað eða batnað meðan á takmörkunum stóð. Mikill meirihluti taldi mætinguna ekki hafa breyst en þó voru um 25% sem sögðu að mæting barnanna hefði versnað frekar mikið og um 53% töldu að mæting barna af erlendum uppruna hefði versnað frekar eða mjög mikið. Spurt var út í mætingarhlutfall barna á meðan leikskólinn var opinn. Aðeins um 10% barna voru með mætingarhlutfall undir 40%. Algengasta mætingarhlutfallið var 40–60%.

Auknar gæðastundir í leik og starfi

Niðurstöðurnar sýna að stjórnendur töldu að áhrif takmarkana á leikskólastarfi í fyrstu bylgju COVID-19 hefðu meðal annars birst í auknum gæðum í leik barna og starfi leikskólastarfsfólks. Spurt var sérstaklega um hópastærð og hvort færri börn hefðu verið í hverju rými eða jafnmörg og

áður. Í 138 leikskólum voru færri börn í hverju rými en áður en takmörkun á skólahaldi gekk í garð, 17 stjórnendur sögðu börnin jafnmörg í hverju rými og áður, en hvergi voru fleiri börn í hverju rými en áður. Þetta virtist skipta sköpum varðandi aukin gæði sem stjórnendur upplifðu því þegar spurt var út í áhrif fækkunar í barnahópum í hverju rými, mátu stjórnendur það svo að fækkun í hópum hefði haft mjög mikil eða frekar mikil áhrif á leik barnanna í 61% tilvika. Af þeim töldu rúmlega 33% fækkunina hafa mjög mikil áhrif á leikinn.

Gæðastundir í leik barna

Þátttakendum í spurningakönnuninni gafst kostur á að lýsa með nokkrum orðum hvaða áhrif fækkun í hópum hafði á leikinn og bárust 92 svör. Þar kom fram að stjórnendur töldu að börnin hefðu notið sín betur í leik, leikurinn varð dýpri því börnin fengu tíma og rými til að þróa hann. Einn stjórnandinn orðaði upplifun sína af fækkun barna í rýmum þannig:

Betri leikur og einbeiting. Börn sem hafa átt erfitt með að stöðva leik náðu að leika sér og ný félaga tengsl mynduðust. Miklu meiri ró í leiknum og meiri yfirvegun í hópunum. Fleiri börn fóru að njóta sín betur.

Niðurstöður úr viðtölunum eru í takt við niðurstöður könnunarinnar því viðmælendur lögðu áherslu á að meðan á takmörkunum stóð fengu börnin meira frelsi og rými til leiks og að því fylgdi tækifæri til að þróa og dýpka leikinn.

Í viðtölunum kom einnig fram að stjórnendur upplifðu að börnin hefðu meiri áhrif á hvað þau gerðu í leikskólanum meðan á takmörkunum stóð og að starfsfólkið gæti betur mætt þörfum þeirra. Einn deildarstjóranna sagði:

... þau geta haft meiri skoðun á því hvað þau vilja gera. Eins og þetta, „mig langar að gera eitthvað skemmtilegt“ og þá hefur maður tækifæri til þess að hlusta á það og segja bara „já, hvað langar þig að gera, hvað finnst þér skemmtilegt?“ Eitthvað svona í staðinn fyrir að vera alltaf, „þessi hópur þarf að gera þetta í dag til þess að uppfylla þetta“ og svona alls konar eitthvað.

Gæði í starfi leikskólastarfsfólks

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að stjórnendur töldu að takmarkanirnar hefðu haft áhrif á hlutverk starfsfólks þannig að gæði starfsins jukust. Þar virtust tveir þættir skipta mestu máli; einfaldara dagskipulag og færri börn í hverju leikrými. Þetta leiddi meðal annars til þess að starfsfólkið hafði aukin tækifæri til að taka þátt í leik barna. Þetta kom til dæmis fram hjá einum stjórnanda: „Starfið var minna skipulagt þannig að frjálsi leikurinn fékk meiri tíma en áður og starfsfólkið gat gefið sér meiri tíma til þátttöku í leiknum.“ Meirihluti stjórnenda, eða 55 af 94, svaraði að starfsfólk næði betur að sinna hverju barni og að starfið hefði orðið yfirvegaðra. Einnig nefndu nokkrir stjórnendur að starfsfólk talaði um að það væri auðveldara að sinna hverju og einu barni þar sem hefðbundi dagskipulag féll nánast niður. Í viðtölunum sagði einn deildarstjóri:

Ég myndi frekar vilja starfa alla jafna með 11 börn og 2 kennara heldur en 23 börn með 4 kennara eða 3–4 kennara. Ég held að við náum að sinna í rauninni hverju og einu barni miklu markvissara þar sem áreitið er miklu minna.

Með fækkun í barnahópum í hverju rými vildu sumir meina að starfsfólk gæti mætt börnunum af meiri fagmennsku og einnig að starfsfólk þyrfti að sýna meira sjálfstæði í vinnubrögðum þar sem deildarstjórar voru ekki alltaf til staðar. Nokkrir nefndu að dregið hefði úr hraða sem einkennir daglegt starf þegar öll börnin eru í húsi. Í viðtali við einn deildarstjóra sagði hann:

... þetta hefur líka gefið okkur tækifæri til að gefa í, eins og t.d. með skráningar í þessum aðstæðum ... taka myndir af þessum aðstæðum, af þeim börnum og sérstaklega hvað varðar þessi börn sem virðast alltaf vera svolítið til baka og vera undir í leik.

Aukin vellíðan í daglegu starfi

Annað þema sem kom fram í niðurstöðunum er aukin vellíðan í daglegu starfi. Stjórnendur upplifðu aukna vellíðan hjá bæði börnum og starfsfólki meðan á takmörkunum stóð. Þeir nefndu að andrúmsloftið hefði orðið rólegra, það dró úr hávaða og áreiti sem leiddi til aukinnar vellíðanar.

Aukin vellíðan barna sem birtist í leiknum

Aftur virðist fjöldi barna í hverju rými hafa mikil áhrif. Þetta má til dæmis sjá í svari eins þátttakandans: „Börnin nutu sín betur í minni hópum, höfðu nægt pláss til að leika án þess að trufla aðra í leik og voru ekki bundin af því að halda sig innan afmarkaðs svæðis. Minna var um árekstra og þústra milli barnanna.“

Einnig kom fram að það væri minna um samkeppni innan barnahópsins og fleiri börn fengju tækifæri til að hafa áhrif í leiknum. Einn þátttakandi skrifaði: „Börn sem yfirleitt láta lítið fyrir sér fara, þorðu meira að taka þátt og láta á sér bera.“ Annar sagðist taka eftir framför í mál- og félagsþroska eftir þennan tíma: „... við sáum að þeim fór mikið fram í málþroska og félagsfærni.“

Viðmælendur í viðtölunum komu einnig inn á þetta atriði og sögðust meðal annars hafa upplifað að ný vinasambönd mynduðust og að börn sem héldu sig gjarnan til hlés, blómstruðu og styrktust í þessum aðstæðum. Einn deildarstjórinn lýsti áhrifunum þannig:

Það er ótrúlega magnað að fylgjast með börnunum hafa allt þetta pláss. Þvílíkt svæði sem þau hafa til umráða. Leikurinn þeirra blómstrar, krakkar sem eru yfirleitt ekki vanir að leika sér saman eru að tengjast. Börn sem hafa haldið sig til hlés eru kannski alla jafna feimin og ekki mjög framfærin í barnahópnum, þau eru farin að blómstra í þessum aðstæðum, jafnvel taka stjórn í leiknum. Og þau einhvern veginn nýta bara svæðið til að þróa leikinn og eru bara um alla deild óhindruð.

Aukin vellíðan starfsfólks

Stjórnendur upplifðu einnig aukna vellíðan hjá starfsfólkinu meðan á takmörkunum stóð. Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýna að stjórnendur töldu að starfsfólkinu hefði liðið betur meðan á takmörkunum stóð því það varð minna veikt, mætti betur til vinnu og sýndi hvert öðru meira tillit. Auk þess dró úr streitu og álag minnkaði. Einn stjórnandi sagði til dæmis að „hópurinn þéttist á einhvern hátt“. Einn deildarstjórinn sagði í viðtali: „Það var búið að vera mikið af veikindum [áður] og svo er starfsfólkið allt að mæta [núna] ... það eru engin veikindi búið að vera á starfsfólki.“ Í þessu samhengi ræddi einn leikskólalastjórinn um að viðhorf hennar til veikinda ættu eftir að breytast og jafnvel mildast á þann hátt að hún ætlaðist ekki til að fólk mætti slappt í vinnu og harkaði af sér.

Minna álag var áberandi í svörum stjórnenda og meðal annars tengt við minni hávaða í umhverfinu. Einn stjórnandi nefndi að hljóðvist í leikskólanum þar sem hann starfar væri slök en á þessum tíma þá „féll allt í dúnalogn“. Annar stjórnandi skrifaði að starfsfólk hefði verið minna í að slökkva elda og „það var ekki verið að flýta sér endalaust eins og vill verða oft“. Einn deildarstjórinn sagði:

Maður er einhvern veginn alltaf að slökkva elda og reyna að vera alls staðar til staðar og allt í einu hefur maður tækifæri til þess að sko bara staldra við og bara einhvern veginn bara fylgjast með. Það er kannski svona það sem þessar aðstæður hafa boðið upp á.

Jafnframt veltu sumir fyrir sér hvort átakið í þrifum og sótthreinsun hefði einnig haft áhrif á veikindi starfsfólks og barna. Meiri áhersla var á að bæði börn og fullorðnir sem væru með kvefeinkenni væru heima og ekki að koma háflslöpp í leikskólann, og það drægi úr smiti á milli manna.

Takmörkun leikefnis og aukinn þrífnaður

Niðurstöður úr spurningakönnuninni sýna að takmarkanirnar virtust hafa töluverð áhrif á aðgengi barna að efnivið.

Spurt var hvort leikföng hefðu verið fjarlægð af deildum vegna sóttvarna og svöruðu 90% því játandi. Þátttakendum var gefinn kostur á að útskýra það nánar og í þeim svörum kom fram að leikföng sem erfitt er að þrifa og sótthreinsa hefðu helst verið fjarlægð af deildinni, til dæmis bækur, bangsar og búningar. Einnig kom fram að dregið var úr notkun sameiginlegra rýma á mörgum stöðum, eins og listakrök, til að draga úr sameiginlegum snertiflötum barna deilda á milli. Flestir sögðu að leikföngum væri skipt niður og að þau væru síðan notuð með hvorum barnahóp fyrir sig eða skipt út á milli daga. Einhverjir nefndu að meiri áhersla hefði verið á að nýta skapandi efnivið. Þó kom fram í viðtölunum að þetta virtist ekki koma að sök fyrir leik barnanna. Einn deildarstjórinn benti til dæmis á þetta: „... þrátt fyrir að okkur voru sett þau mörk að takmarka allan efnivið, það virtist ekki hafa það mikil áhrif ... þau [börnin] finna bara leiðir.“ Nokkrir stjórnendur nefndu að sumu starfsfólki hefði ekki fundist það vera að vinna nógu markvisst faglegt starf, vegna kröfu um að sinna þrífum og sótthreinsun á leikföngum og leikrýmum í auknum mæli. Einn stjórnandi taldi að með áherslu á þríf og sótthreinsun hefði starfsfólk náð minna að sinna börnunum og annar svaraði að starfið hefði ekki orðið jafn markvisst.

Söknuður, einmanaleiki og einangrun

Þó svo að stjórnendur hefðu að mestu leyti upplifað áhrif takmarkana á jákvæðan hátt hvað varðar leik barna og hlutverk starfsfólks, þá nefndu þeir einnig að börn hefðu upplifað söknuð og starfsfólk einmanaleika á þessu tímabili. Sjálfir upplifðu einhverjir stjórnendur einangrun meðan á takmörkunum stóð.

Stjórnendur nefndu að sum börn söknuðu vana sinna sem voru ekki endilega á sama tíma í leikskólanum og það var greinilega mörgum börnum erfitt. Einn stjórnandinn taldi þó að þetta hefði ekki haft mikil áhrif á börnin en þegar höftum var aflétt sáu þau „hvað börnin urðu glöð að mega blandast og vera saman á útisvæði“.

Í viðtölunum mátti greina að einmanaleiki gerði vart við sig á meðal starfsfólks. Nefndi einn deildarstjórinn að dregið hefði úr beinni samvinnu og skortur hefði verið á faglegu samtali sem hann saknaði. Viðkomandi sagði:

... ég myndi ekki funkera að vera til lengri tíma í svona mikilli einangrun í starfi skilurðu. Og það er áskorun að vera kannski inni á deildinni sinni allan tímann og ég er að mæta hálf 8 á morgnana og ég er að fara 4 jafnvel hálf 5. Dagarnir eru langir þó ég sé heima annan hvern dag.

Jafnframt virtust stjórnendur upplifa einangrun í starfi á þessum tíma og svaraði einn stjórnandinn í könnuninni með þessum hætti:

Ég horfi til þessa tíma með blendnar tilfinningar. Mér persónulega fannst ég einangrast sem stjórnandi þar sem ég fór ekki inn á deildir heldur hélt mig á skrifstofunni. Ég saknaði bæði barna og kennara mikið.

Samantekt niðurstaðna

Í rannsókninni voru stjórnendur í leikskólum beðnir um að svara hvaða áhrif þeir teldu að fyrsta bylgja COVID-19 hefði á leikskólastarfið til frambúðar og hvaða lærdóm mætti draga af þessu tímabili.

Helsta lærdóm sem greina mátti í svörum þátttakenda var hvað fjöldi barna í hverju rými gat haft mikil áhrif á leikskólastarfið. Í faraldrinum fundu starfsmenn hversu miklu máli skipti að börnin hefðu nægt rými bæði fyrir leik og starf. Einnig fundu þeir að þegar færri börn voru í hverju rými, dró úr álagi bæði fyrir börn og starfsmenn.

Flestir nefndu einnig að mikilvægt væri að draga úr stífu skipulag til að auka gæði starfsins og hægja á þeim hraða sem virtist oft einkenna leikskólastarf.

Einhverjir töldu þó að langtímaáhrifin yrðu lítil sem engin. Einn deildarstjórinn sagði:

Ég held að það komi til með að bara smella aftur í gamla farið ... Það er allavega búið að bjóða 19 börnum á deildina mína næsta vetur ... það eru bara kröfur sem sveitarfélagið er að setja manni. Það vantar leikskólaláss hérna þannig að það er verið að troða í okkur alveg eins og hægt er.

Samantekt frá einum stjórnanda í könnuninni, um hvaða lærdóm mætti draga af samkomubanninu í tengslum við leikskólastarf, lýsir vel heildarniðurstöðum rannsóknarinnar, þar sem hann lagði áherslu á að gæði starfsins hefðu aukist með minna skipulögðu starfi, hann skrifaði: „Við gætum lært svo margt af þessum tíma. Þetta var mögnuð „tilraun“ til að sjá gæðastarf verða til við skrítnar aðstæður.“

Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða áhrif takmarkana á leikskólastarf vegna COVID-19 faraldursins, á leik barna og hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks, út frá sjónarhorni stjórnenda í leikskólum. Jafnframt átti að skoða hvaða lærdóm þeir teldu að mætti draga af reynslunni af takmörkunum.

Í þessum kafla verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum sem leiddu rannsóknina:

- Hvaða áhrif höfðu takmarkanir í leikskólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 á leik barna?
- Hvaða áhrif höfðu takmarkanir í leikskólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 á hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks?
- Hvaða lærdóm má draga af reynslunni af takmörkunum í leikskólastarfi vegna fyrstu bylgju COVID-19 og áhrifum þeirra á leikskólastarf?

Áhrif takmarkana í leikskólastarfi á leik barna

Niðurstöðurnar sýna að þátttakendur töldu að gæði starfsins hefðu aukist meðan á takmörkunum stóð. Það sem hafði þar áhrif var að færri börn voru í hverju rými og dagskipulagið varð sveigjanlegra þannig að börnin fengu tíma og rými til að dýpka sig í leiknum og þróa hann áfram.

Einnig dró úr árekstrum og börn, sem gjarnan halda sig til hlés og eru feimin, blómstruðu og tóku jafnvel stjórnina í leiknum. Upp úr stendur að þátttakendur upplifðu að börnunum leið almennt betur í leiknum á tímum takmarkana en fyrir þær. Þessar niðurstöður eru í takt við þá grunnhugmyndafræði sem liggur að baki leikskólastarfi m.a. samkvæmt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) þar sem áhersla er lögð á nám í gegnum leik. Fræðimenn hafa þar að auki bent á mikilvægi þess að veita börnum rými og tíma til að þróa leik sinn því þannig læra þau og þroskast (Vygotsky, 1978; Wood, 2013). Einnig hefur verið bent á mikilvægi þess að hafa jafnvægi og sveigjanleika í skipulaginu (Wood, 2013) og að leik- og námsumhverfi spili stóran sess í að skapa gæðastarf í leikskólum (Barnett og Frede, 2010; Diamond o.fl., 2007; Krieg o.fl., 2015). Niðurstöður rannsóknarinnar styðja því við þessar áherslur þar sem greinilegt var að þátttakendur töldu að með því að draga úr stífu skipulagi og gefa meira rými til leiks, hefðu börnin notið sín betur og leikurinn orðið dýpri.

Niðurstöðurnar í tengslum við áhrif á leik barna ríma einnig við það sem fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á varðandi áhrifaþætti á gæðastarf í leikskólum. Fyrri rannsóknir hafa t.d. sýnt að stærð barnahóps hefur mikið að segja varðandi gæði í starfinu, líkt og kemur fram í þessari rannsókn. Þar hefur verið bent á að of stórir hópar draga úr tækifærum til náms og auka líkur á árekstrum á milli barnanna (Barnett og Frede, 2010; Williams o.fl., 2018) sem er í takt við það sem þátttakendur þessarar rannsóknar upplifðu.

Þátttakendur upplifðu aukna vellíðan barna á tímabilinu, þannig að minna var um árekstra og þústra á milli þeirra og þau virtust njóta sín betur í leiknum. Stjórnendur mátu það meðal annars vera vegna þess að það voru færri börn í rými og skipulag var sveigjanlegra. Þetta er nátengt gæðastarfi í leikskólum því Barnett og Frede (2010) benda á að þættir sem varði heilsu og vellíðan barna stuðli meðal annars að gæðastarfi. Íslenskar rannsóknir hafa stutt við þetta og sýnt fram á mikilvægi þess að veita börnum tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám (Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016). Í rannsókninni kom jafnframt fram að þátttakendur töldu börnin geta haft meiri áhrif á það sem þau gerðu í leikskólanum. Samkvæmt líkani Wood (2013) er einnig lögð áhersla á sveigjanleika svo að áhugi barnanna ráði ferðinni.

Áhugavert er að þátttakendur töldu ekki hafa dregið úr ánægju barnanna í leik þegar aðgengi þeirra að leikefni var takmarkað. Einhverjir nefndu að börnin myndu sjálf leiðir til að viðhalda leik sínum. Því má segja að leikrýmið sjálft virðist skipta meira máli en leikefnið sem boðið er upp á.

Áhrif takmarkana í leikskólastarfi á hlutverk starfsfólks

Í niðurstöðunum má greina að stjórnendur töldu að starfið hefði breyst, fólk upplifði að hægt hefði á og þá varð til meira gæðastarf að þeirra mati – starf sem einkenndist af fagmennsku, hlustað var á börnin, kennarar upplifðu að þeir gætu sinnt hverju barni betur og meðal annars mætt þörfum barna sem annars héldu sig til hlés (Rinaldi, 2006).

Í niðurstöðum kom einnig fram að dregið hefði úr álagi og starfið orðið einfaldara þar sem stýrt dagskipulag vék fyrir sveigjanleika og frjálsum leik. Einnig kom fram að færri börn í rými dró úr hávaða. Niðurstöðurnar sýndu að leikskólastarf almennt virtist einkennast af hraða og álagi en meðan á takmörkunum skólahalds stóð hefði frekar verið lögð áhersla á að njóta augnabliksins, veita frið og ró fyrir börn og starfsfólk. Eins og kemur fram í niðurstöðunum þá töldu stjórnendur og starfsmenn að meira svigrúm hefði orðið til fyrir leikinn og um leið möguleika kennara að taka þátt í leiknum eða styðja við hann. Í raun og veru lýstu þátttakendur leikskólastarfi sem helstu fræðimenn telja vera gæðastarf í leikskólum. Eins og Barnett og Frede (2010) segja þá hefur stærð barnahópsins áhrif á gæði í leikskólastarfi. Hættan sem felst í of stórum barnahópum er sú að þá dregur úr tækifærum starfsfólks til að sinna hverju barni. Einnig getur minni barnahópur dregið úr álagi og áreiti bæði fyrir börn og fullorðna (Barnett og Frede, 2010; Williams o.fl., 2018).

Í viðtölunum ræddu stjórnendur um að á meðan takmarkanir stóðu yfir hefði gefist tækifæri til að fylgjast betur með börnum í leik og einn deildarstjóri nefndi að hann hefði fengið tækifæri til að vinna með skráningar. Eins og Barnett og Frede (2010) benda á þá er mat í leikskólastarfi mikilvægt og er uppeldisfræðileg skráning góð leið til að fanga augnablikið og veita innsýn í leikskólastarfið (Rinaldi, 2006).

Lærdómur sem draga má af reynslunni af takmörkunum í leikskólastafi

Þegar rýnt er í niðurstöðurnar má sjá að flestir þátttakendurnir nefndu mikilvægi þess að huga að leiktækifærum barna og þeim gæðastundum sem margir upplifðu þegar dregið var úr hraðanum. Stjórnendur töldu að nýta mætti reynsluna og sáu tækifærin í að draga úr stífu skipulagi, fækka börnum í hverju rými og gefa meiri tíma í leik. Því má segja að tækifærin sem þeir sáu eftir reynsluna falli vel að hugmyndum um gæðastarf í leikskólum (Barnett og Frede, 2010; Wood, 2013). Það voru

þó einhverjir sem leyfðu sér að efast um að gæðastarfið sem þeir upplifðu á þessum tímum væri komið til að vera. Þeir óttuðust að samfélagið færi fljótt aftur inn í hraðann og leikskólinn með.

Lokaorð

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvaða áhrif takmarkanir á skólalaldi vegna fyrstu bylgju COVID-19 höfðu á leikskólastarf, einkum á leik barna og hlutverk kennara. Jafnframt að skoða hvaða lærdóm mætti draga af reynslunni af þessu tímabili. Áhugavert er að í niðurstöðum kom fram að bæði vellíðan barna og starfsfólks jókst meðan á samkomubanninu stóð, m.a. vegna fækkunar barna í hverju rými og vegna meiri sveigjanleika í dagskipulaginu. Þessi tveir þættir eru meðal þeirra sem taldir eru skipta sköpum varðandi gæðastarf í leikskólum. Niðurstöður sýna einnig að þátttakendur rannsóknarinnar töldu að á tímabilinu hefðu gæði starfsins aukist. Niðurstöðurnar benda því til þess að nú sé mikilvægt fyrir leikskólastjórnendur, rekstraraðila og aðra sem koma að leikskólastarfi, að endurskoða og meta starfið. Ekki er síður mikilvægt að ýta undir umræðu í samfélaginu um leikskólastarf og leggja áherslu á að leikskólabörn þurfi rými til leiks og stuðning frá menntuðu starfsfólki til þess að geta notið betur þeirrar gæðamenntunar sem gott leikskólastarf býður upp á. Þá má velta fyrir sér ýmsum þáttum, eins og: Hvað skiptir máli í námi leikskólabarna? Hvað ættu börn að læra í leikskóla og hvernig? Eru leikskólar landsins komnir út fyrir grunnhugmyndafræði sem liggur að baki starfinu? Hvernig má þá vinna á móti því, ef staðan er orðin þannig? Þessum spurningum verður ekki svarað hér en niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að mikilvægt sé að velta þeim fyrir sér.

Höfundar telja jafnframt mikilvægt að fylgja niðurstöðum rannsóknarinnar eftir og taka upp þráðinn eftir einhvern tíma, þegar COVID-19 faraldurinn verður afstaðinn. Margir áhugaverðir þættir komu fram í rannsókninni sem ekki hefur verið kafað djúpt í hér en mikilvægt er að skoða nánar í framtíðarrannsóknum. Má þar einkum nefna stöðu barna af erlendum uppruna og tækifæri þeirra til náms í leikskóla, því að í rannsókninni kom fram að áberandi mest dró úr mætingu þeirra á tímabilinu. Þá verður áhugavert að kanna hvað leikskólasamfélagið lærði af reynslunni af takmörkunum á skólalaldi. Hafði reynslan sem birtist m.a. í niðurstöðum þessarar rannsóknar áhrif á leikskólastarf til lengri tíma? Breyttist eitthvað í leikskólastarfi almennt? Var reynslan nýtt til að ýta undir vellíðan og gæðastarf? Það er áskorun sem leikskólasamfélagið þarf að takast á við og verður áhugavert að fylgjast með þeirri þróun.

COVID-19 and preschool practice: ‘A great “experiment” to see quality practice develop in strange situations’

In Iceland, although all preschools operate in accordance with National Curriculum Guidelines and the Preschool Act (lög um leikskóla nr. 90/2008), their daily schedules can vary depending upon each school’s priorities and the teachers’ views on how children learn. However, whereas some scholars stress the importance of schedules at preschools that balance the lead activities of teachers and children, others have posited that daily schedules are a means of control used by educators at preschools. In response, and in line with the emphasis on giving children the opportunity to influence their education in the UN Convention of the Rights of the Child, the heightened importance of children’s rights has guided preschools in Iceland in reorganizing their practices to consider children’s needs and interests.

Against this background, the aim of our study was to illustrate how the limitations in schooling that followed the first wave of COVID-19 influenced preschool practice in Iceland from the perspectives of preschool leaders. Those limitations, going into effect on 16 March and lasting more than 7 weeks until 4 May, were implemented differently in each municipality in Iceland, while nationwide preschool practice was limited across the country.

Data were gathered by following a mixed-methods approach. On the one hand, eight individual interviews, each lasting 15–65 minutes, with preschool principals and preschool head teachers were conducted in April 2020 during the period of limitations. On the other, preliminary findings from the interviews facilitated a more targeted data collection via a questionnaire distributed shortly after the preschools fully reopened following the period of limitations in June 2020. The questionnaire was sent to 248 preschool principals in Iceland, 172 of whom responded, or a response rate of 69%. Participants were asked whether and, if so, then how the limitations due to COVID-19 had influenced children's play and the role of preschool teachers, as well as whether and, if so, then how those limitations would influence preschool practices in the future and what professionals might learn from the experience.

The findings suggest that the limitations in schooling during the first wave of COVID-19 considerably influenced preschool practices. During interviews and in questionnaires, participants stated that preschool practices were of higher quality during the first wave of COVID-19 than before. This was largely because fewer children attended preschool each day and they were in smaller groups in each play area. In addition, participants believed that the limitations had heightened the well-being of the children and the adults, as well as promoting changes in daily schedules that cultivated a more relaxed atmosphere. For example, this resulted in less sickness within the staff group. Although the limitations also restricted children's access to play- and learning materials, such restrictions did not affect their play or well-being. However, some participants mentioned that because of more focus on cleaning and disinfection, in line with regulations from authorities, some preschool teachers found they had less time to take care of the children.

Beyond that, whereas participants noted new friendships emerging within groups of children during the period of limitations, they also observed that some children missed peers who were no longer in their class group. Finally, some educators reported experiencing loneliness due to being unable to communicate with their peers as freely as they had before the limitations. Altogether, the study makes an important contribution to the preschool community by providing knowledge and understanding as to how the first wave of COVID-19 influenced preschool practices, at least in Iceland, and as to how it may continue to alter such practices in the future. In that light, the findings can also inform further reflections on how practices at preschools are organized and which ones are prioritized.

Key words: COVID-19, preschool practice, play, preschool teachers' role, quality in practice

Um höfundu

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios@hi.is) er lektor í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa einkum fjallað um leikinn, starf leikskólakennara, faglega þróun leikskólakennara og ferli starfendarannsókna. Ingibjörg Ósk hefur tekið þátt ýmsum innlendum og erlendum rannsóknarverkefnum um ólík viðfangsefni í tengslum við leikskólustarf, í samstarfi við leikskólakennara sem eru starfandi í leikskólum og við rannsakendur. Ingibjörg Ósk kennir í leikskólakennaranámi við Menntavísindasvið.

Svava Björg Mörk (svavabm@hi.is) er doktorsnemandi og aðjúntk í leikskólafræði og menntastjórnun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa einkum fjallað um samstarf hagsmunaaðila í leikskólakennaramenntun, fagmennsku leikskólakennara, leiðsögn leikskólakennaranema og lærdómssamfélag. Svava Björg rannsakar hvernig byggja megi upp samstarfssvæði í leikskólakennaramenntun á Íslandi. Svava Björg kennir í leikskólakennaranámi og stjórnunarnámi við Menntavísindasvið.

About the authors

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios@hi.is) is an assistant professor in early childhood education at the School of Education, University of Iceland. Her research has been in the field of play, preschool teachers' practice, preschool teachers' professional development and the process of action research. Ingibjörg Ósk has participated in several national and international research projects within different fields in relation to preschool practice, in collaboration with preschool teachers and researchers. Ingibjörg Ósk teaches the preschool teachers' education program at the School of Education.

Svava Björg Mörk (svavabm@hi.is) is a doctoral student and adjunct in early childhood education and educational leadership at the School of Education, University of Iceland. In her research she focuses on collaboration between stakeholders in early childhood education, preschool teachers' professionalism, preschool teacher students' mentoring and learning community. Svava Björg is currently researching how the third space can become a learning arena in preschool teachers' education. Svava Björg teaches in the preschool teachers' education program and education leadership program at the School of Education.

Heimildir

- Auglýsing nr. 216/2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.
- Barnett, W. S. og Frede, E. (2010). The promise of preschool: Why we need early education for all. *American Educator*, 34(1), 21–29. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=eric&AN=EJ889144&site=ehost-live>
- Bodrova, E. og Leong, D. J. (2007). *Tools of the mind: The Vygotskian approach to early childhood education* (2. útgáfa). New Jersey: Pearson.
- Braun, V., og Clark, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage.
- Bruce, T. (2004). *Developing learning in early childhood*. London: Paul Chapman.
- Campbell, F. A., Pungello, E. P., Burchinal, M., Kainz, K., Pan, Y., Wasik, B. H., . . . Ramey, C. T. (2012). Adult outcomes as a function of an early childhood educational program: An abecedarian project follow-up. *Developmental Psychology*, 48(4), 1033–1043. doi:10.1037/a0026644
- Diamond, A., Barnett, W. S., Thomas, J. og Munro, S. (2007). Preschool program improves cognitive control. *Science*, 318(5855), 1387–1388. doi:10.1126/science.1151148
- Dockett, S., Lillemyr, O. F. og Perry, B. (2013). Play and learning in early years education: International perspectives. Í O. F. Lillemyr, S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Varied perspectives on play and learning: Theory and research on early years education* (bls. 1–8). Charlotte: Information Age Publishing.
- European Commission/EACEA/Eurydice. (2019). *Key data on early childhood education and care in Europe – 2019 Edition. Eurydice report*. Luxembourg: Publications Office of the European Union.
- Harms, T. og Clifford, R. (1980). *Early childhood environment rating scale*. New York: Teachers College Press.
- Harms, T., Clifford, R. og Cryer, D. (2005). *Early childhood environment rating scale: Revised edition*. New York: Teachers College, Columbia University.
- Hennum, B. A. og Østrem, S. (2016). *Barnehagelæren som profesjonsutøver* [Leikskólakennarinn sem fagmaður]. Oslo: Cappelen Damm.
- Ishimine, K. (2011). Quality in early childhood education and care: A case study of disadvantage. *Australian Educational Researcher*, 38(3), 257–274. doi:10.1007/s13384-011-0028-6
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Children's and parents' perspectives on the purposes of playschool in Iceland. *International Journal of Educational Research*, 47(5), 283–291. doi:10.1016/j.ijer.2008.12.007

- Krieg, S., Curtis, D., Hall, L. og Westenberg, L. (2015). Access, quality and equity in early childhood education and care: A South Australian study. *Australian Journal of Education*, 59(2), 119–132. doi:10.1177/0004944115588789
- Lillemyr, O. F. (2009). *Taking play seriously: Children and play in early childhood education. An exciting challenge*. Charlotte: Information Age Publishing.
- Lillemyr, O. F. (2013). Perspectives on play and learning, and their relation to motivation. Í O. F. Lillemyr, S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Varied perspectives on play and learning: Theory and research on early years education* (bls. 21–36). Charlotte: Information Age Publishing.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Melhuish, E. C. (2001). The quest for quality in early day care and preschool experience continues. *International Journal of Behavioral Development*, 25(1), 1–6. doi:10.1080/01650250042000492
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
- Mims, S. U., Scott-Little, C., Lower, J. K., Cassidy, D. J. og Hestenes, L. L. (2008). Education level and stability as it relates to early childhood classroom quality: A survey of early childhood program directors and teachers. *Journal of Research in Childhood Education*, 23(2), 227–237.
- Ólafur Proppé. (1992). Kennarafræði, fagmennska og skólustarf. *Uppeldi og menntun*, 1(1), 223–231.
- Pramling-Samuelsson, I. og Pramling, N. (2013). Winnie-the-Pooh sat in a tree, or did he? A contemporary notion of early childhood beyond teaching and free play. Í O. F. Lillemyr, S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Varied perspectives on play and learning: Theory and research on early years education* (bls. 9–20). Charlotte: Information Age Publishing.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (2015). *Leiðsögn: Lykill að starfsmenntun og skólaþróun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.
- Sammons, P., Elliot, K., Sylva, K., Melhuish, E., Siraj-Blatchford, I. og Taggart, B. (2004). The impact of pre-school on young children's cognitive attainments at entry to reception. *British Educational Research Journal*, 30(5), 691–712.
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskóla – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 31–56). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Sheridan, S. og Pramling-Samuelsson, I. (2013). Preschool a source for young children's learning and well-being. *International Journal of Early Years Education*, 21(2–3), 207–222. doi:10.1080/09669760.2013.832948
- Sigurður Kristinsson (2013). Að verðskulda traust: Um siðferðilegan grunn fagmennsku og starf kennara. Í R. Sigþórsson, R. Eggertsdóttir, og G. H. Frimannsson, *Fagmennska í skólustarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinsyni* (bls. 237–255). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2013). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393–402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smidt, S. (2007). *A guide to early years practice* (3. útgáfa). London: Routledge.
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 13. mars). Tillögur sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/04-raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Till%3%b6gur%20s%3%b3tvarnal%3%a6knis%20til%20heilbrig%3%b0isr%3%a1%3%b0herra.pdf>
- Sylva, K., Melhuish, E., Sammons, P., Siraj-Blatchford, I., Taggart, B. og Elliot, K. (2004). *The effective provision of pre-school education (EPPE) project: Findings from pre-school to end of key stage 1*. Sótt af <https://ro.uow.edu.au/cgi/viewcontent.cgi?article=3155&context=sspapers>
- Taylor, M. E. og Boyer, W. (2020). Play-based learning: Evidence-based research to improve children's learning experiences in the kindergarten classroom. *Early Childhood Education Journal*, 48, 127–133. <https://link.springer.com/article/10.1007/s10643-019-00989-7>
- Vandell, D. L. og Wolfe, B. (2000). *Child care quality: Does it matter and does it need to be improved? Institute for Research on Poverty, Special report no. 78*. doi:10.1037/e305862003-001

- Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge, MA: Harvard University.
- Williams, P., Sheridan, S. og Pramling-Samuelsson, I. (2018). A perspective of group size on children's conditions for wellbeing, learning and development in preschool. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 63(5), 696–711. doi:10.1080/00313831.2018.1434823
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). London: Sage.



Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk. (2020).
Kófið og leikskólinn: „Þetta var mögnuð „tilraun“ til að sjá gæðastarf verða til við skritnar aðstæður“
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/03.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.20>